

Mánudaginn 28. janúar 1974.

Nr. 145/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hannes Elíssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og prófessor Gaukur Jörundsson.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, að því er varðar ákærða Hannes Elísson einan.

Refsing ákærða í máli þessu þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 20.000.00.

Brot þau, er ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu, voru framin 15., 21. og 22. ágúst 1970. Tókst rannsóknarlögreglunni í Reykjavík að koma upp um brotin þegar í sama mánuði. Ákæruskjal var gefið út 11. september s. á. Ákærði kom eigi fyrir dóm fyrr en 26. maí 1972, og var honum þá birt ákæruskjal. Óskaði hann eftir því, að Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður yrði skipaður verjandi sinn. Eigi var verjandi þó skipaður fyrr en 3. apríl 1973. Er vörn hans dagsett 24. apríl s. á. Var málið dómtekið þann dag og dómur upp kveðinn 26. apríl s. á. Samkvæmt gögnum máls fékk héraðsdómari sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, málið til meðferðar 5. janúar 1973. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, sætti ákærði dómi í sakadómi Reykjavíkur 17. nóvember 1972 fyrir þjófnaðarbrot, sem framið var 10. júlí s. á. Var ákæruskjal í því máli gefið út 31. júlí s. á. Hefði átt að sameina mál þau, sem til var stofnað með ákæruskjölum 11. september

1970 og 31. júlí 1972, og dæma í einu lagi. Samkvæmt gögn-um máls hefur ákærði þegar afplánað refsingu þá, sem hon-um var dæmd í greindum dómi sakadóms Reykjavíkur frá 17. nóvember 1972.

Mál þetta hefur farið mjög aflaga, svo sem rakið var.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hannes Elísson, sæti tveggja mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og máls-varnarlaun verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæsta-réttarlögmans, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 26. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 169—171/1973: Ákærvaldið gegn Hannesi Elíssyni, Helga Jónssyni og Gils Frið-rikssyni, sem tekið var til dóms 24. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 11. september 1970, gegn ákærðu:

1. Hannesi Elíssyni sjómanni, Hvassaleiti 28 í Reykjavík, fædd-um þar í borg 21. febrúar 1951,

2. Helga Jónssyni sjómanni, Teigavegi 2 í Smálöndum, Reykja-vík, fæddum þar í borg 16. nóvember 1951, og

3. Gils Friðrikssyni, áður að Stangarholti 28, en nú að Smiðju-stíg 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 6. janúar 1953, fyrir eftir-talin þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík í ágústmánuði 1970:

I. Gegn ákærða Hannesi Elíssyni einum er málið höfðað fyrir að brjótast föstudagsnóttina 21. ágúst inn í Pylsuskálann, Austur-stræti 22, og stela þar um kr. 2.000.00 í peningum, stálbrýni og lítils háttar af matvælum, sem hann neytti á staðnum.

II. Gegn ákærðu Hannesi Elíssyni og Helga Jónssyni er málið höfðað fyrir:

1. Að brjótast laugardagsnóttina 22. ágúst inn í verslunina

Krónuna, Mávahlið 25, og stela þar 21 vindlingakartoni, 5 tyggi-gúmmikartonum og ávaxtasafaflösku.

2. Að brjótast laugardagsnóttina 22. ágúst inn í verslunina Jónsval, Blönduhlíð 2, og stela þar 12 kexpökkum og 11 dósum af niðursuðuvörum (ávöxtum og kjöti).

III. Gegn ákærðu Hannesi Elíssyni og Gils Friðrikssyni er mál-ið höfðað fyrir að brjótast laugardagsnóttina 15. ágúst inn í gler-augnaverslunina Fókus, Lækjargötu 6 B, og stela þar tveimur kvikmyndasýningarvélum og kúlupenna. Enn fremur fyrir að hafa í sama sinni farið inn í aðra vistarveru í sama húsi og stolið þar kr. 2.000.00 í peningum.

Framangreindir verknaðir í liðum I—III þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum í málinu:

I.

Þriðjudaginn 25. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að innbrot hefði verið framið í Pylsuskálann að Austurstræti 22 aðfaranótt föstudagsins 21. ágúst. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að brotnar voru upp dyr að vörulager verslunarinnar Teppi h/f í Austurstræti, en lagerinn er í samliggjandi skúrasamstæðu við Pylsuskálann. Af lagernum hafði innbrotsþjófurinn farið inn í Pylsuskálann með því að brjóta upp læstar dyr, sem liggja inn á salerni tilheyrandi Pylsuskálanum. Einnig hafði verið reynt að komast inn um aðaldyr Pylsuskálans, en horfið hafði verið frá því. Í innbroti þessu hafði verið tekið nokkurt safn af tveggja-krónupeningum, og var áætlað, að það hefðu verið um kr. 2.000.00. Einnig hafði horfið stálbrýni, en annarra verðmæta var ekki sagn-að.

Ákærði Hannes Elísson hefur viðurkennt að hafa verið þarna að verki. Var hann einn á ferð ölvaður á öðrum eða þriðja tíman-um um nóttina. Ákærði fór inn í sundið hjá Nýja Bíói, Austur-strætismegin, en hliðið var að sögn ákærða opið. Við hliðina á Pylsuskálanum voru dyr, sem voru ólæstar, og fyrir innan þær var port. Ákærði fór inn í einhverja geymslu, sem var við hlið-ina á pylsusölunni og þaðan í gegnum dyr, sem lágu inn á salerni, og var þá greiður aðgangur inn í pylsusöluna. Ákærði kvaðst ekki hafa farið þarna inn til að leita peninga, heldur vegna þess, að hann langaði í pylsu. Ákærði borðaði á staðnum eina hráa

pylsu og eitthvað af popkorni. Einnig tók hann safn tveggjakrónu-peninga og stálbrýni. Með þetta fór hann heim til sín í Eskihlíð 16 B. Ákærði eyddi af peningunum um 100 krónum, en að öðru leyti komust peningarnir til skila svo og stálbrýnið.

II.

1. Laugardaginn 22. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina Krónuna að Mávahlíð 25. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að hurð á bakhlið hússins hafði verið þvinguð upp. Tveir stórir pokar af Kaaber kaffi höfðu verið tæmdir og innihaldi þeirra hvolft á gólfíð. Ekki sást í fljótu bragði, að neinu hefði verið stolið.

Ákærðu Hannes Elísson og Helgi Jónsson voru aðfaranótt 22. ágúst 1970 á dansleik í Las Vegas. Fóru þeir þaðan heim til ákærða Hannesar og sóttu þangað skrúfjárn og töng, sem þeir notuðu síðan til þess að skrúfa frá gluggalistana í versluninni Krónunni. Þegar þeir voru að spenna listana, brotnaði rúðan í hurðinni. Gátu þeir þá teygt sig í krók, sem var á innanverðri hurðinni, og losað um hann. Tókst þeim þannig að komast inn um hurðina. Í bakherbergi tóku þeir 21 lengju af Camel vindlingum, 5 karton af amerísku tyggigúmmí og eina flösku af ávaxtasafa. Varninginn fóru þeir með heim til ákærða Hannesar. Fékk verslunin aftur vindlingana og tyggigúmmíð.

2. Laugardaginn 22. ágúst 1970 var lögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í vörugeymslu verslunarinnar Jónsval að Blönduhlíð 2 þá um nóttina. Farið hafði verið inn um dyr, sem liggja inn á lager í kjallara hússins, með þeim hætti, að spjald í hurðinni hafði verið rifið frá, og á þann hátt hafði verið hægt að teygja sig í læsinguna. Ekki sást í fljótu bragði, að neinu hefði verið stolið.

Ákærðu Hannes og Helgi hafa viðurkennt að hafa greint sinn farið inn í kjallarahúsnæði verslunarinnar Jónsval að Blönduhlíð 2 með því að brjóta upp bakdyr á húsnæði hennar. Tóku þeir þar og höfðu á brott með sér 12 kexpakka og 11 dósir af niðursoðnum ávöxtum og kjöti. Geymdu þeir varninginn í herbergi ákærða Hannesar. Komst hann til skila.

III.

Laugardaginn 15. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í gleraugnaverslunina Fókus að Lækjar-götu 6 B þá um nóttina. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að

opnanlegur gluggi á bakhliðinni hafði verið tekinn af hjörum og lagður til hliðar. Fyrir innan voru sterklegir járnrimlar, sem festir höfðu verið með skrúfum í gluggakarminn. Höfðu þeir verið spenntir inn með skrúfjárn, felgujárn o. fl., sem tekið hafði verið í skúrgeymslu, sem er bak við húsið. Starfsfólk verslunarinnar taldi, að teknar hefðu verið tvær kvikmyndasýningarvélar, sem verið höfðu frammi í versluninni. Báðar voru vélarnar af gerðinni Silma, önnur alveg ný, eign verslunarinnar, en hin eldri og hafði verið þar til viðgerðar. Verðmæti hvorrar vélar um sig var talið kr. 10.000.00—12.000.00. Þá var einnig saknað um 30 kvikmyndaspólna með ýmsum ævintýramyndum, og var verðmæti hvernar spólu í útsölu kr. 600.00. Síðar var tilkynnt, að auk áðurgreindra hluta hefði einnig horfið Parker kúlupenni og kr. 100.00, sem geymdar höfðu verið í herberginu inn af versluninni eða herbergi því, sem glugginn var á, sem farið var inn um.

Ákærðu Hannes Elisson og Gils Friðriksson hafa viðurkennt framangreint innbrot. Fundu þeir verkfæri í kistu á bak við húsið, og með þeim tókst þeim að sveigja frá rimla, sem voru fyrir glugga á húsnaði verslunarinnar. Fóru þeir síðan inn og tóku í versluninni tvær kvikmyndasýningarvélar og 39 kvikmyndaspólur. Þá tók ákærði Hannes um kr. 2.000.00 í peningum annars staðar í húsinu, en ekki hefur verið upplýst með vissu, hvar það var. Fór ákærði Hannes þar inn um glugga, sem honum tókst að opna. Ákærðu fóru síðan með þýfið heim til ákærða Hannesar og skiptu því þar á milli sín, en ákærði Gils fór síðan með sinn hlut heim til sín. Komust kvikmyndavélarnar og filmurnar til skila.

Atferli ákærðu í liðum I—III, sem sannað er með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærur og refsingum sem hér segir.

Helgi Jónsson:

1970 14/7 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага.

1971 18/8 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Gils Friðriksson:

1969 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningar-

- laga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 14. nóvember 1969.
- 1971 25/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 25/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 21/3 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt. Dómur frá 25/2 1971 dæmdur með.
- 1972 8/5 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Hannes Elísson:

- 1967 19/10 á Seyðisfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1968 27/4 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.
- 1969 14/5 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglega meðferð áfengis.
- 1969 23/6 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 3 mánuði. Sviptur ökuréttindum í 2 ár frá 1. ágúst 1968 fyrir brot á 219. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.
- 1970 7/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 17/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Niðurstöður.

Eins og að framan greinir, hlaut ákærði Hannes með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 17. nóvember s.l. 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að dæma ákærða hegningarauka fyrir brot þau, sem mál þetta er risið af, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af því og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Gils hlaut 10 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 22. mars f. á. fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga svo og fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Ber því að dæma honum hegningarauka fyrir brot það, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, sbr. 78. gr.

almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt því hæfi-
lega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Helga ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra
hegningarlaga 3 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þyk-
ir mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðn-
ingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegning-
arlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða Hannes ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda
sínun, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.000.00 í
málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir ó-
skipt.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar 5. janúar s.l.

Dómsorð:

Ákærði Hannes Elísson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Gils Friðriksson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði Helgi Jónsson sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu
refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum
frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr.
almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/
1955, haldið.

Ákærði Hannes Elísson greiði skipuðum verjanda sínum,
Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.000.00 í máls-
varnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
